



MSS26080087

Borgarráð 27. ágúst 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um jafnréttis- og mannréttindamat á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs

Samfylkingin leggur til að utanaðkomandi aðili verði fenginn til að gera jafnréttis- og mannréttindamat á þeim viðamiklu breytingum sem meirihluti borgarráðs samþykkti á starfsemi velferðar- og skóla- og frístundasviðs. Sérstaklega verði metin áhrif á viðkvæma hópa til að mynda fólk í félagslegri einangrun, fólk í úrræðum virknihúss, sértæk úrræði fyrir unglinga í vanda, fatlað fólk, börn sem þurfa stuðning inn í skóla, fjölskyldur með fjölþættan stuðning, eldra fólk, fólk með erlendan bakgrunn, flóttafólk og svo framvegis. Ljóst er að aðgerðirnar ná til um 400 starfsfólks og þúsunda íbúa Reykjavíkur sem þurfa á þjónustunni að halda. Jafnréttismat er því mikilvægt og umfangsmikið.



Reykjavík